

Nd.

113. Frumvarp til laga

[97. mál]

um breyting á lögum nr. 46 25. apríl 1973 um kjarasamninga opinberra starfsmanna, sbr. lög nr. 35 26. maí 1976 og lög nr. 23 10. maí 1977, um breyting á þeim lögum.

(Lagt fyrir Alþingi á 99. löggjafarþingi 1977.)

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Lög þessi taka til allra starfsmanna, sem eru skipaðir, settir eða ráðnir í þjónustu ríkisins, ríkisstofnana eða atvinnufyrirtækja ríkisins með föstum tíma-, viku- eða mánaðarlaunum, enda verði starf þeirra talið aðalstarf.

Ákvæði laganna taka þó ekki til:

1. ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara né ráðuneytisstjóra;
2. ríkisstarfsmanna, sem eru félagar í Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja eða félagi innan vébanda þess, en um laun þeirra og starfskjör fer samkvæmt sérstökum lögum;
3. starfsmanna ríkisbanka né lánastofnana ríkisins;
4. iðnaðarmanna, sjómanna, verkafólks né starfsfólks í iðjuverum, en um kaup þeirra og kjör fer eftir kjarasamningum stéttarféлага þeirra og vinnuveitenda. sbr. lög nr. 80/1938.

Ráðherra getur með reglugerð sett nánari ákvæð um framkvæmd þessarar greinar.

2. gr.

3. mgr. 4. gr. laganna orðist svo:

Launakjör ráðherra, hæstaréttardómara, ríkissaksóknara og ráðuneytisstjóra skulu ákveðin af Kjaradómi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lagafrumvarpi þessu er lögð til sú breyting að Kjaradómur ákveði launakjör ráðuneytisstjóra. Kjaradómur ákveður nú launakjör ráðherra, hæstaréttardómara og ríkissaksóknara.

Ráðuneytisstjórnir eru nú allir utan vébanda heildarsamtaka starfsmanna ríkisins og hafa verið það frá gildistöku laga nr. 46/1973. Skv. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 46/1973 ætti fjármálaráðherra því að ákveða launakjör þeirra. Sá hængur er þar á, að áður en ráðherra ákveður kjör þeirra manna, sem eru utan heildarsamtaka starfsmanna ríkisins, leitir hann álits ráðuneytisstjóra fjármálaráðuneytisins og/eða samninganefndar ríkisins í launamálum, en þar sitja tveir ráðuneytisstjórar.

Ráðuneytisstjórum stjórnarráðsins hefur verið kynnt efni þessa frumvarps. Eru þeir eindregið þeirrar skoðunar að sú breyting sem það felur í sér sé eðlileg og eru því meðmæltir að frumvarpið nái fram að ganga.